

**1992 nr. 88 17. nóvember****Lög um innflutning**

Tóku gildi 23. nóvember 1992. *Breytt með:* L. 87/1995 (tóku gildi 1. júlí 1995). L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008). L. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **menningar- og viðskiptaráðherra** eða **menningar- og viðskiptaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

**■ 1. gr.**

□ Innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skal vera óheftur nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

□ Séu í gildi innflutningstakmarkanir á einstöku sviði skal þó heimilt að flytja til landsins vörur sem ætlaðar eru fyrir sendiráð erlendra ríkja og aðra sem samkvæmt lögum, milliríkjasamningum eða venju njóta hér tollfrelsis. Ákvæði þetta á þó ekki við um vörur sem hætta telst á að smitefni geti borist með til landsins.

**■ 2. gr. . . . <sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 87/1995, 29. gr.

**■ 3. gr.**

□ Óheimilt er að tollafgreiða vöru eða hafa milligöngu um greiðslu til útlanda fyrir vöru eða þjónustu sem háð er innflutningstakmörkunum nema undanþága hafi fengist fyrir innflutningnum.

**■ 4. gr.**

□ Brot á lögum þessum varða sektum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framan- greindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðil- anum sekt eða sviptingu starfsréttinda.

□ Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

□ . . . <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 233. gr.

**■ 5. gr.**

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 170. gr.

**■ 6. gr.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

**■ Ákvæði til bráðabirgða. . . . <sup>1)</sup>**

<sup>1)</sup> L. 87/1995, 29. gr.